

PERMABOND A1046

Permabond A1046 er hraðharðnandi akrýllím til langtímalímingar vélhluta, t.d. lega, tannhjóra og gengja. Límið hefur mikinn styrk og þol við erfiðar aðstæður, eykur styrk gagnvart titringi, tæringu og málmþreytu. Permabond A1046 leyfir stærri vikmál og gerir annan læsibúnað óþarfan, og hentar mjög vel til að líma ólík efni. Þolir hitun (150°C) í skamman tíma við hóflegt álag, og kælingu allt niður í -55°C. Notið ekki í snertingu við gufu, öfluga oxara og skautuð leysiefni. Þolir þvott með leysiefnum. Geymsluhitastig: 5° til 25°C..

Notkunarleiðbeiningar

- 1) Bestur árangur næst ef límflatir eru fituhreinsaðir og þurrir. Aseton eða isóprópanól henta vel til hreinsunar. Mælt er með létrri slípun límflata.
- 2) Berið samfellda límrönd á annan flötinn, innri flöt ef um það er að ræða.
- 3) Þrýstið flötum saman með snúningshreyfingum fram og aftur.
- 4) Gætið þess að límið komist ekki inn í legur eða í snertingu við hreyfanlega vélhluta.
- 5) Límda hluti má handleika eftir 5-10 mín.
- 6) Límið nær fullum styrk á sólarhring. Því má hraða með upphitun eða Permabond Activator A905/ASC10. Þetta á sérstaklega við límingu málma með oxíðhúð svo sem sinks, áls og ryðfrís stáls.

Merking



HÆTTA. Veldur húðertingu. Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð. Veldur alvarlegum augnskaða. Getur valdið ertingu í öndunarfærum. **BERIST EFNID Í AUGU:** Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. **BERIST EFNID Á HÚÐ:** Þvoið með miklu vatni og sápu.

GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

50 ml

Dreifing:

Landvélar ehf
Smiðjuvegi 66d
200 Kópavogi
Sími: 580 5800
www.landvelar.is